

Ársskýrsla faghóps um vefstjórnun Ský 2019

Á síðasta ári hélt faghópur um vefstjórnun fjóra hádegisfundu á Grand hóteli. Voru þeir allir mjög vel sóttir eða allt frá 100 og upp í 200 gestir hverju sinni. Fundirnir áttu allir það sammerkt að fjalla um vef- eða stafræna þróun og var reynt að grípa tíðarandann hverju sinni eins og nokkur kostur var. Þeir gestir sem sóttu fundina komu flestir að vefþróun af einhverju tagi en einnig af öðrum sviðum atvinnulífsins því veflausnir hafa auðvitað áhrif á ýmis störf og geira, s.s. markaðsfólk og gagnasérfræðingar, mannauðsfólk ofl. Sem dæmi fylltum við Grand hótél af lögfræðingum þegar við tókum GDPR persónuverndarlögin fyrir.

Eins og áður, var lögð áhersla á fjölbreytt efnistöð og alltaf horft til þess að koma á dagskrá umfjöllunarefni sem fundargestir og félagsmenn kalla eftir hverju sinni en einnig efni sem fangar tíðarandann. Okkar markmið er að þeir sem sækja fundina okkar fái innblástur en geti jafnframt tekið heim með sér hagnýtar upplýsingar og dæmisögur sem nýtast í starfi. Fundirnir voru haldnir með sama sniði og áður, þrjú til fjórir fyrirlesarar, fundarstjóri og pallborðsumræður í lokin.

Fyrsti fundur ársins var haldinn 13. mars sl. og bar yfirskriftina *Hvað er undir húddinu á árangursdrifnum stafrænum miðlum*. Á fundinum var skyggst á bakvið tjöldin hjá framsæknum og öflugum fyrirtækjum sem byggja viðskiptamódel sín á árangursdrifnum stafrænum miðlum. Miðlum þar sem hönnun, notendaviðmót og virkni byggja alfarið á mælingum og gögnum. Fyrirlesarar komu frá frumkvöðlafyrirtækinu Size advice, Meniga, Wow Air og Nettó. Þessir aðilar miðluðu allir áhugaverðri þróun í sínum ranni sem sýnir að gervigreind, gagnaöflun, notendaprófanir og rannsókn á hegðun notenda er lykill að því að ná árangri í fyrirtækjarekstri í dag.

Annar fundur ársins var haldinn 21. maí sl. og bar yfirskriftina *„Stafrænar miðlar og markaðssetning í kjölfar GDPR“* nýju persónuverndarlaganna sem voru innleidd sumarið 2018. Tilgangurinn var að skoða hvaða áhrif lögin hafa haft á hugbúnaðarumhverfi, markaðsumhverfi og fleiri aðila í atvinnulífinu er vinna með persónuupplýsingar. Mikil vinna og undirbúningur átti sér stað hjá fyrirtækjum og stofnunum til að aðlaga ferla og vinnubrögð í þeim tilgangi að framfylgja hinum nýju lögum. Fengin voru til leiks sérfræðingur frá Persónuvernd sem fór yfir farinn veg frá því að lögin voru sett, lögfræðingur frá Dattaca Labs miðlaði reynslu sinni af hvernig best væri fyrir fyrirtæki og stofnanir að vanda til verka, ráðgjafi frá Hugsmiðjunni tók fyrir blessuðu kökuborðana sem allir þekkja

og síðan fengum við markaðsmanneskju frá stafrænu auglýsingastofunni Sahara til að ræða hvernig auglýsingastofur þurftu að breyta sinni nálgun.

Þriðji fundur ársins var haldinn 25. september og bar yfirskriftina „*Tækifæri og áskoranir í stafrænum heimi*“. Þar var rætt hvernig tekist er á við auknar kröfur neytenda samhliða örumr breytingum á stafrænum lausnum. Hinir ýmsu stafrænu miðlar, samfélagsmiðlar, öpp, verslunar- og bókunarkerfi, algrímar (algorithm), gervigreind o.s.frv. spretta upp og þróast ört út frá tæknibreytingum og þörfum hinna ýmsu markhópa. Neytendahegðun breytist í samræmi, kröfur aukast og hraðinn er mikill. Við fengum fyrirlesara frá stafrænu auglýsingastofunni Digidó til að ræða netmarkaðssetningu og takmarkanir og tækifæri fyrir íslenskan markað. Fyrirlesari frá A4, sem rekur stóra og öfluga vefverslun, ræddi gapið sem einkennir væntingar til vefverslana og hefðbundinna verslana. Fyrirlesari frá Isavia fjallaði um spjallmenni eða chatbotta sem þróað hefur verið fyrir Keflavíkurflugvöll og hefur stórbætt upplýsingagjöf til farþega. Þá fjallaði fulltrúi ePassi Iceland um hvernig markaðslega best er að nálgast kínverska ferðamenn með stafrænum hætti, en þeir hafa aukið komur sínar síðustu ár.

Síðasti fundur ársins en alls ekki sá sísti, var 27. nóvember sl. Þar var tekið fyrir mikilvægi þess að allir vefir og stafræn þjónusta séu aðgengilegir öllum hópum samfélagsins óháð hvers konar færniskerðingum. Vefhönnuðir, forritarar, vefstjórar og aðrir sem sinna vefmálum eiga að sjá til þess að engar hindranir séu í vegi notenda. Ávinningur af því að aðgengi sé gott og „rétt“ er auk þess margfalt fyrir alla notendur vefja. Fundurinn hafði einnig tengingu við þá lögleiðingu sem átti sér stað innan EES um sl. áramót þar sem sú skylda var sett á herðar stjórnvalda að fylgjast reglulega með því að bæði opinberir og einkaaðilar uppfylli kröfur um aðgengi allra að vefsíðum. Á fundinum voru sérfræðingar í vefbransanum, aðilar frá hagsmunasamtökum og hins opinbera sem fjölluðu um mismunandi þarfir hinna ýmsu hópa, kröfur og áskoranir í vefuppbyggingu og svo tilskipunin kynnt nokkuð ítarlega.

Almennt erum við ánægð með starfsárið, aðsóknina og flórana af fyrirlesurum sem miðluðu af mikilli þekkingu og gáfu flestum okkar gesta mikinn innblástur. Við munum leggja okkur fram við að halda áfram að setja upp metnaðarfulla dagskrá. Næstu fundir faghópsins verða haldnir 25. mars og 13. maí.

Stjórnina hafa skipað Heiðar Örn Arnarson (Isavia), Birna Guðrún Magnadóttir (Póst- og fjarskiptastofnun), Björn Sigurðsson (Rekstrarfélag stjórnarráðsins), Hrafnhildur Sif Sverrisdóttir (Advania), Sigrún Ásta Einarsdóttir (A4) og Auður Karítas Þórhallsdóttir (Origo).

Ég sjálfur mun nú stíga til hliðar úr hópnum en einnig mun Birna Guðrún láta af störfum. Nýtt framboð hefur þó komið í ljós sem er Hrafnhildur Stefánsdóttir hjá Embætti landlæknis. Aðrir bjóða sig fram til að halda áfram störfum.